



Efnahags- og viðskiptanefnd  
Nefndasvið Alþingis  
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2020

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjárhagslegar viðmiðanir, 312. mál.**

Vísað er til birtingar frumvarps í þingskjali 348 til laga um fjárhagslegar viðmiðanir (312. mál) en beiðni um umsögn barst Arion banka hf. þann 20. nóvember síðastliðinn. Meðfylgjandi er umsögn bankans við frumvarpið eins og það stendur í dag.

**Rýmri tímafrestur vegna frekari upplýsingaskyldu samkvæmt 15. gr.**

15. gr. frumvarpsins varðar breytingar á lögum nr. 33/2013 um neytendalán og lögum nr. 118/2016 um fasteignlán til neytenda með þeim hætti að lögð er frekari upplýsingaskylda á lánveitanda áður en lánsamningur er gerður. Arion banki telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við hina auknu upplýsingaskyldu sem slíka en gerir þó athugasemd við þann stutta frest sem gefinn er til að útfæra og innleiða hana.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að lögin taki gildi 1. janúar næstkomandi. Ekki verður hjá því komist að það muni taka töluverðan tíma að skilgreina öll þau viðmið sem notuð eru í fjárhagslegum samningum bankans og falla undir gildissvið frumvarpsins/viðmiðanareglugerðarinnar áður en hægt er að birta upplýsingarnar fyrir lántökum. Arion banki leggur því til að sá frestur sem er veittur verði töluvert rýmri en frumvarpið gerir ráð fyrir.

**Athugasemd við a. lið 1. tölul. 15. gr. frumvarpsins, krafa um sérstakt skjal.**

Í a. lið 1. tölul. 15. gr. frumvarpsins segir að upplýsingar um heiti viðmiðunarinnar, stjórnanda hennar og möguleg áhrif hennar á neytanda skuli veittar á sérstöku skjali sem má vera viðauki við staðlað eyðublað sem ráðherra birtir í reglugerð.

Arion banki gerir athugasemd við þann áskilnað að upplýsingarnar þurfi að vera veittar á sérstöku skjali. Lagt er til að heimilt verði að veita upplýsingarnar sem hluta af stöðluðu eyðublaði undir sérstökum kafla um fjárhagslegar viðmiðanir. Slík heimild myndi bæði einfalda innleiðingu og minnka líkur á mistökum ef upplýsingar þær sem lánveitanda ber að veita skv. 7. gr. laga um neytendalán geta allar verið í sama eyðublaði. Vakin er athygli á því að ef fallist er á að upplýsingar skv. framlögðu frumvarpi megi koma fram í stöðluðu eyðublaði þarf samhliða að uppfæra reglugerð nr. 270/2017 um fasteignalán til samræmis, sbr. viðauki I.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson  
Lögfræðingur

# *Fjármála- og efnahagsráðuneytið*

---

## *M i n n i s b l a ð*

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**  
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið**  
Dagsetning: **11. janúar 2021**  
Málsnúmer: **FJR20110032**  
Bréfalykill: **3.7**

Efni: **Umsagnir um frumvarp til laga um fjárhagslegar viðmiðanir**

Fjármála- og efnahagsráðuneytið vísar til erindis formanns efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 6. janúar sl., þar sem þess er óskað að ráðuneytið sendi nefndinni minnisblað þar sem brugðist verði við umsögnum um frumvarp til laga um fjárhagslegar viðmiðanir (312. mál á 151. löggjafarþingi).

Nefndinni hafa borist tvær umsagnir um frumvarpið, frá Arion banka hf. annars vegar og Seðlabanka Íslands hins vegar.

*Umsögn Arion banka hf.*

Arion banki hf. gerir annars vegar athugasemd við stuttan frest áður en skylda til að veita lántökum upplýsingar um fjárhagslegar viðmiðanir sem lánssamningur vísar í taki gildi. Legið hefur fyrir lengi að til stæði að innleiða reglugerð Evrópusambandsins um fjárhagslegar viðmiðanir, þar á meðal kröfur hennar um upplýsingar sem veita skuli lántökum. Áform þess efnis voru birt í samráðsgátt stjórnvalda 5. júlí 2019.<sup>1</sup> Drög að frumvarpi til að innleiða reglugerðina voru birt í samráðsgáttinni 27. febrúar 2020.<sup>2</sup> Í drögunum var gert ráð fyrir gildistöku 30. apríl 2020. Samtökum fjármálafyrirtækja, sem Arion banki hf. á aðild að, voru sendar tilkynningar um báðar birtingar. Í umsögn samtakanna um frumvarpsdrögin<sup>3</sup> var lagt til að gildistakan yrði færð aftur svo aðildarfélög samtakanna hefðu nægan tíma til aðlögunar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir gildistöku 1. janúar 2021 en fyrir liggur að gildistaka verður síðar en það. Að mati ráðuneytisins ætti Arion banka hf. og öðrum aðilum á fjármálamarkaði í ljósi þessa ferlis að hafa gefist nægur tími til að búa sig undir innleiðingu reglugerðarinnar. Búið er að taka reglugerðina upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og þjóðréttarleg skuldbinding Íslands til að innleiða hana er orðin virk. Ráðuneytið leggur því ekki til að gildistöku verði frestað.

Arion banki hf. gerir hins vegar athugasemd við áskilnað í a-lið 1. tölul. 15. gr. frumvarpsins um að upplýsingar um viðmiðun skuli veittar í sérstöku skjali frekar en sem hluti af stöðluðu eyðublaði. Frumvarpsákvæðinu er ætlað að innleiða fyrirmæli 1. tölul. 57. gr. reglugerðar Evrópusambandsins um fjárhagslegar viðmiðanir um að lánveitandi, eða eftir atvikum lánamiðlari, skuli veita neytenda upplýsingar um viðmiðun sem lánssamningur vísar til. Í töluliðnum er tilgreint að upplýsingarnar skuli veittar „í sérstöku skjali, sem getur verið viðauki við eyðublað um staðlaðar evrópskar upplýsingar um lán til neytenda“. Ráðuneytið telur því ekki unnt að fella brott áskilnað a-lið 1. tölul. 15. gr. frumvarpsins um að upplýsingarnar skuli veittar í sérstöku skjali.

*Umsögn Seðlabanka Íslands*

Seðlabanki Íslands leggur í fyrsta lagi til að orðunum „og reglum og reglugerðum settum með stöð í þeim“ verði bætt við 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Málsgreinin mælir fyrir um að brot gegn tilgreindum

---

<sup>1</sup> [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1434](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1434).

<sup>2</sup> [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2646](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2646).

<sup>3</sup> [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2646](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2646).

greinum reglugerðar Evrópusambandsins um fjárhagslegar viðmiðanir varði stjórnvaldssektum. Hún byggist á 1. mgr. 42. gr. reglugerðarinnar sem áskilur að brot gegn viðkomandi ákvæðum varði stjórnvaldsviðurlögum. Reglugerðin áskilur ekki að brot gegn undirgerðum, sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir og ráðgert er að innleiða hér á landi með reglugerð ráðherra og reglum Seðlabanka Íslands, varði viðurlögum. Ráðuneytið leggst þó ekki gegn því að áréttað verði í frumvarpsákvæðinu að það varði stjórnvaldssektum að brjóta gegn viðkomandi ákvæðum reglugerðarinnar eins og þau kunna að verða útfærð nánar í stjórnvaldsfyrirmælum.

Seðlabankinn leggur í öðru lagi til að í w-lið 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins komi „gerð viðmiðunar hætt“ í stað „það að láta af gerð viðmiðunar“. Ráðuneytið telur tillöguna falla illa að forsetningunni „um“ í upphafi stafliðarins og leggur því ekki til slíka breytingu. Unnt væri þó að skipta „láta af“ í stafliðnum út fyrir „hætta“ til að færa hann nær tillögu Seðlabankans.

Í þriðja lagi leggur Seðlabankinn til að orðið „og“ í lok x-liðar 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins falli brott. Ráðuneytið telur orðið vart geta valdið misskilningi af þeim toga sem nefndur er í umsögn Seðlabankans en leggst þó ekki gegn brottfalli þess.

Í fjórða lagi leggur Seðlabankinn til að rætt verði um „heildarveltu“ í stað „ársveltu“ í 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Í reglugerð Evrópusambandsins um fjárhagslegar viðmiðanir er rætt um „heildarveltu á ári“ (e. „total annual turnover“). Ráðuneytið leggst ekki gegn því að „heildar“ verði skeytt framan við hugtakið í frumvarpinu en leggur þá til að haldið verði í „árs“, þannig að rætt verði um „heildarársveltu“ en ekki aðeins „heildarveltu“.

Í fimmta lagi leggur Seðlabankinn til að rætt verði um „heildarársveltu“ í stað „ársveltu“ í d-lið 8. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið leggst ekki gegn tillögunni.

Í sjötta lagi leggur Seðlabankinn til að rætt verði um „ávinningss hins brotlega af broti eða taps sem hann forðar með broti“ í stað „ávinningss hins brotlega af broti eða taps sem hann forðast“ í e-lið 8. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið leggst ekki gegn því að „með broti“ verði skeytt aftan við stafliðinn en telur heppilegra að sögnin „forða“ sé í miðmynd („forðast“) fremur en germynd („forðar“) til að skýra að átt sé við tap sem hinn ábyrgi aðili forðast en ekki tap annarra sem hann forðar. Að mati ráðuneytisins endurspeglar það betur viðkomandi texta í reglugerð Evrópusambandsins um fjárhagslegar viðmiðanir, sem er svohljóðandi: „fjárhæð (sic) aðilans sem ábyrgðina ber eða tap sem hann kemst hjá“ (e. „the level of the profits gained or losses avoided by the responsible person“).

Í sjöunda lagi leggur Seðlabankinn til að orðunum „á ákvæðum laga þessara“ verði bætt við 12. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið leggst ekki gegn slíkri viðbót.



4. desember 2020  
2011139

Nefndasvið Alþingis  
[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um fjárhagslegar viðmiðanir, mál nr. 312.

Seðlabanki Íslands vísar til tölvubréfs frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis dags. 20. nóvember 2020 þar sem óskað var eftir umsögn bankans um frumvarp til laga um fjárhagslegar viðmiðanir (mál nr. 312).

Seðlabanki Íslands vill með umsögn þessari gera athugasemdir við eftirfarandi ákvæði í frumvarpi til laga um fjárhagslegar viðmiðanir:

1. mgr. 4. gr.

Lagt er til að bætt verði við greinina textanum „**og reglum og reglugerðum settum með stoð í þeim**“ þannig að ákvæðið með breytingartillögu verði svohljóðandi:

„*Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssekt á hvern þann sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum reglugerðar (ESB) 2016/1011 með breytingum skv. 1. gr. og reglum og reglugerðum settum með stoð í þeim:*“.

Framangreind breyting á 1. mgr. 4. gr. er lögð til í þeim tilgangi að tryggja að hafið sé yfir vafa að ákvæðið eigi einnig við um reglur og reglugerðir sem settar eru með stoð í þeim ákvæðum sem vísað er til í greininni. Dæmi um sambærilegt ákvæði er að finna í 1. mgr. 110. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Stafliður w. 1. mgr. 4. gr.

Lagt er til að texta með 28. gr. í staflið w. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins „*um breytingar á viðmiðun og það að láta af gerð viðmiðunar*“, verði breytt til samræmis við heiti 28. gr. í reglugerð (ESB) 2016/1011, **Breytingar á viðmiðun og gerð viðmiðunar hætt**, þannig að texti með 28. gr. í staflið w. 1. mgr. 4. gr. hljóði þannig: „*um breytingar á viðmiðun og gerð viðmiðunar hætt*“,.

Staflíður x. 1. mgr. 4. gr.

Lagt er til að texta með 29. gr. í staflíð x. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins „um notkun viðmiðunar og“, verði breytt á þá vegu að orðið „og“ verði fellt brott og texti með 29. gr. í staflíð x. 1. mgr. 4. gr. hljóði þannig: „um notkun viðmiðunar,“.

Framangreind breyting á staflíð x. 1. mgr. 4. gr. er lögð til í þeim tilgangi að undirstrika að um sé að ræða sjálfstæða upptalningu ákvæða og fyrirbyggja misskilning um að ákvæðið eigi eingöngu við ef brotið er bæði gegn 29. gr. og 34. gr. en ekki hvoru fyrir sig. Breytingartillagan tekur einnig mið af almennri framsetningu sambærilegra ákvæða í öðrum lögum t.d. 1. mgr. 110. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

4. mgr. 4. gr.

Lagt er til að í stað orðsins „ársvelta“ komi orðið „**heildarvelta**“ í 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins þannig að ákvæðið með breytingartillögu verði svohljóðandi:

„Stjórnvaldssekt sem lögð eru á lögaðila getur numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr., 10% af **heildarveltu** lögaðilans samkvæmt síðasta samþykka ársreikningi, 10% af **heildarveltu** samstæðu sem lögaðilinn tilheyrir samkvæmt síðasta samþykka samstæðureikningi eða, ef lögaðilinn er samtök, 1% af samanlagðri **heildarveltu** aðila samtakanna, hver fjárhæð sem hæst reynist.“.

Framangreind breytingartillaga við 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins er tilkomin vegna orðalags í liðum i. og ii. í staflíð h) 2. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, en þar kemur fram að við ákvörðun fjárhagslegra stjórnsluviðurlaga vegna brota lögaðila skuli m.a. horft til heildarveltu á ári samkvæmt síðustu tiltæku reikningsskilum sem stjórn hefur samþykkt. Þá byggist tillagan einnig á orðalagi í samskonar ákvæðum annarra laga, t.d. 2. mgr. 110. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, 2. mgr. 94. gr. laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja nr. 70/2020 og 3. mgr. 12. gr. laga um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði nr. 14/2020.

Staflíður d. 1. mgr. 8. gr.

Lagt er til að í stað orðsins „ársvelta“ komi orðið „**heildarársvelta**“ í staflíð d. 1. mgr. 8. gr. í frumvarpinu þannig að ákvæðið með breytingartillögu verði svohljóðandi:

„*fjárhagsstöðu hins brotlega, sér í lagi með hliðsjón af **heildarársveltu** lögaðila eða árstekjum einstaklings,*“.

Framangreind breyting á staflíð d. 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins er lögð til í þeim tilgangi að tryggja samræmi við orðalag d. liðar 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011.

Staflíður e. 1. mgr. 8. gr.

Lagt er til að staflíður e. 1. mgr. 8. gr. í frumvarpinu orðist þannig:  
„*ávinnings hins brotlega af broti eða taps sem hann forðar með broti,*“.

Framangreind breyting á staflíð e. 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins er lögð til í þeim tilgangi að tryggja samræmi við orðalag e. liðar 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011.


12. gr.

Lagt er til að bætt verði við 12. gr. textanum „**á ákvæðum laga þessara**“ þannig að ákvæðið með breytingartillögu verði svohljóðandi:  
„*Fjármálaeftirlitið skal birta ákvarðanir um ráðstafanir vegna brota á ákvæðum laga þessara til samræmis við 45. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011.*...“

Framangreind breyting á 12. gr. frumvarpsins er lögð til í þeim tilgangi að tryggja samræmi við orðalag 1. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Rannveig Jónúsdóttir  
framkvæmdastjóri  
skrifstofa bankastjóra

  
Guðrún Finnborg Þórðardóttir  
forstöðumaður  
skrifstofa bankastjóra